

Til: Byggðarráðs Dalabyggðar

Frá: Ívari Erni Þórðarsyni, slökkviliðsstjóra Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.

Efni: Beiðni um aukafjárveitingu vegna sölu slökkvibíls og búnaðarkaupa árið 2021.

Slökkviliðsstjóri, fyrir hönd slökkviliðs Dalabyggðar, óskar eftir því að þeir fjármunir sem fengust við sölu slökkvibílfreiðar liðsins, 800.000 kr., verði nýttar á þessu fjárhagsári til kaupa á búnaði fyrir liðið. Nýtast þeir fjármunir meðal annars til kaupa á kerru undir aukabúnað liðsins sem ekki kemst fyrir á bílunum. Einnig er þörf á ýmsum búnaði til vatnsöflunar og annara starfa liðsins.

Sala slökkvibílsins var ekki á upprunalegri fjárhagsáætlun og er nýjum búnaði ætlað að koma í hans stað. Kaup á þessum búnaði kæmu til móts við hluta þeirra ábendinga sem HMS bendir á í skoðunarskýrslu sinni.

Kveðja

Ívar Örn Þórðarson

Slökkviliðsstjóri